

Rósberg Snædal
Kaupmannahöfn - 2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Spyrill: Lára Martin

DVCAM 179

© Krumma films ehf

DV 179

[*Rósi stendur í grænmetisbúðinni Grønsagen í Kristjaníu og steikir kjötbollur*].

Hrafnhildur: Jæja, segðu okkur hvað þú ert að gera núna.

Núna er ég bara að vinna í Grønsagen eins og ég var vanur að gera hérna fyrir sex og hálfu ári síðan þegar ég bjó hérna síðast. Kominn með mitt gamla kollektíf til baka sem sagt m.a.s. inniskóna mína fékk ég til baka. Dásamlegt. Tvö pör af inniskóm sem ég fékk til baka. Ótrúlegt. Eftir sex og hálfu ár. Það skeður ekki margt í Kristjaníu.

Núna er ég aftur kominn til Kristjaníu. Síðast þegar þú sást mig þá var ég að dunda mér við *Hommaleikhúsið Hégóma og eftirsókn eftir vindi í seglin* sem að var byggt upp á Kristjaníumódelinu, upp á Bøssehusmódelinu. Hingað er ég kominn aftur í mitt gamla kollektíf og farinn að steikja kjötbollur í gríð og erg og láta bixinn ganga. Og svo sem annað ekki sko, hafa það rólegt.

Hrafnhildur: Hvers vegna Kaupmannahöfn og Kristjanía?

Ég bara eigi heima hérna. Það er ekki hægt að normalísera mann þegar að maður er einu sinni búinn að búa svona lengi í Kristjaníu þá er dáldið erfitt að normalísera mann eða ég finn kannski fyrir því. Það er bara raunveruleikinn. Maður passar bara ekki alveg inn í þetta. Þetta virkar ekki, svona á þetta ekki að vera. Ég gæti aldrei orðið það aftur sko. Þannig að ég held að ég verði hér. Þó maður viti náttúrulega aldrei neitt þá hugsa ég að ég verði hér. Hér er gott að vera.

Hrafnhildur: Er eitthvað sérstaklega betra að vera hérna fyrir homma eða skiptir það einhverju máli, þetta, godsögnin að fara til Kaupmannahafnar hefur það eitthvað með þína útferð að gera?

Já það hafði mikið með það að gera, ekki að ég flutti til Kaupmannahafnar en að ég kom inn í Kristjaníu út af Bøssehusinu sem er svona eitt skemmtilegasta leikhús sem að ég hef tekið þátt í. Það er svo ótrúlega fyndið leikhús. Því miður liggur það niðri núna eins og það gerir alltaf inn á milli og svo dettur einhverjum í hug að gera eitthvað og þá er húsið til staðar og senan er til staðar, ljósín eru til staðar og allur infrastrúktúrinn þú veist, mánudagsfundurinn, allt kerfið sem er búið að
Svona fólk

byggja upp. Og svo bý ég náttúrulega í hommakollektífi. Og það hefur kannski líka eitthvað með það að segja þó varla sé hægt að kalla það kollektíf lengur en ég og Boggi búum alla vega saman og Rikki er kominn með...hann er kominn með privat herbergi, hann er búinn að þroskast upp í það, elsku drengurinn minn.

Hrafnhildur: Veistu eitthvað um þetta gamla samfélag íslensku hommanna sem voru hérna, er eitthvað eftir af því?

Pestin hefur sjálfsagt tekið stóran hlut af því sko. Það má ekki gleyma þessari pest sko sem að, við erum náttúrulega farin að gleyma henni núna en hún var raunveruleiki og er það. Voru margir sem dóu þó fólk deyji ekki í dag, hægt að lækna það í dag eða halda þeim á lífi. Ég veit voða lítið um það sko. Ég fer voða lítið inn í bæinn. Maður fær Christianitis þegar maður býr hérna sem þýðir að maður bara lifir öllu sínu lífi meira og minna hér. Hér er allt. Maður þarf ekkert að leita útfyrir.

Hrafnhildur: Þú átt nú ættingja hérna.

Já, já, Haukur frændi er hérna. Hann er náttúrulega einn af þessum gömlu hommum sem þú ert að tala um. Þú verður endilega að fara og kíkja á kallinn. Hann er skemmtilegur. Mæli með að þú takir bjór með þér. Honum finnst ægilega gaman að drekka, eins og fleirum í ættinni.

Og bara hérna í Grönsagen, Muhammed hann er hommi þú veist og þetta er voða mikill svona homma og kvennavinnustaður hérna í Grönsagen.

Lára: Manstu eitthvað eftir gömlu hommunum eins og Herði Torfa, að þeir hafi verið eitthvað í Kristjaníu?

Nei, ég meina ég þekki Hörð að heiman sko en ekki héðan. Ég náði einhvernvegin aldrei inn í þetta samfélag hérna sem var sko. Ég þekki það sko af afspurn í gegnum Veturliða. Svo er náttúrulega Dilli hérna núna líka. Það má ekki gleyma honum. Ég hef aldrei tekið þátt í þessu íslenska Kaupmannahafnarsamfélagi þannig sko, bara verið í Kristjaníu og svo bara mínir dönsku vinir eða vinir frá öllum heiminum eiginlega. Ég kom ekki hérna í sex og hálf ár en samt daginn eftir að ég kom hérna þá var ég byrjaður að vinna hérna. Það segir kannski meira en mörg orð. Þá er ég kominn í vinnu og kominn með mitt gamla hlutskipti aftur meira að segja. Allt sem að ég stóð fyrir.

Svona fólk

Hrafnhildur: Hvernig er að vera heima sem hommi og svona kreatífur?

Ég veit það ekki. Það er svo mikil geggjun þarna heima sko. Alveg rosaleg geggjun í þessu, það er engin lygi með þetta lífsgæðakapphlaup þarna heima sko. Ef við erum að tala um þetta kapphlaup þá er það það. Íslendingar eru ótrúlegir og hommarnir mundu vera kallaðir borgerlige bösser hérna í Kristjáníu alla vega. Borgaralegir flestir af þeim, imiterandi allt heterosexuallífið. Helst að vilja vera hetero hommar. Sem að ég held að sé einfaldlega bara minnimáttarkennd, gagnvart kynferði sínu. Við sjáum þetta líka hérna þegar liðið er að kjósa Piu Kærskov og hægriöflin sko sem vilja um leið kúga þau. Ég skil þetta ekki að velja sér kúgarana. Svona er þetta bara. Þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur heitir þetta, gamalt og gott íslenskt máltæki.

Hrafnhildur: Já þetta er mjög fínt. Geturðu þá talað um eins og þessi réttindi sem að hefur verið að berjast fyrir heima, hvernig snýr það að þér? Hefur það eitthvað gert fyrir þig eða? Hefur það breytt einhverju?

Sko ég mundi aldrei fara að berjast fyrir þessum giftinga, ég nenni þessu ekki. Allt þetta giftingadæmi og svona, af hverju berjumst við ekki fyrir að fá að búa þrjú saman? Af hverju berjumst við ekki fyrir því að, ef þetta gengur allt út á peninga að mæðgur sem búa saman fái sama skattaafslátt og hjón eða feðgar sem búa saman eða... Hvað á þetta að vera? Á að steypa okkur inn í þetta? Er ekki offjölgunarvandamál? Ég næ ekki alveg þessu kerfi sko, út á hvað þetta gengur. Og sé ekki að það hafi nokkuð með okkur að gera. Ekkert. Eða þá hérna að fá að ættleiða. Mér finnst miklu eðlilegra að við berjumst fyrir því að einstaklingurinn fái að ættleiða og það sé bara eðlilegt að hæfur einstaklingur geti ættleitt burt séð frá því hvort hann er hommi eða ekki. Það hefur ekkert með það að gera hvort hommar eða lesbíur eiga að fá að.... ja, her er et frikadellefad. Það held ég, það held ég. Miklu eðlilegra að við tökum þetta út frá einstaklingnum heldur en einhverju réttinda... þetta er ekki réttindabarátta homma og lesbía. Þetta er miklu frekar einstaklingsbarátta. Ég var voða glaður þegar hvað heitir hún, hjúkrunarkonan þarna fékk að ættleiða. Út af hún ættleiddi á þeim forsendum að hún var einstaklingur. Það eru ekkert margir sem fá það. Þú veist, Vigdís Finnboga og hún, það er eitthvað svona. Og það er líka bara miklu eðlilegra og ef við horfum á nútímasamfélag þar sem að einstæðar mæður eru þvílíkur raunveruleiki og svo eiga allir að þurfa vera í sambandi til að ættleiða. Ég bara næ ekki heildinni. Þetta er heimska. Eða það finnst mér alla vega.

Alveg trampað á því. Bara maður er að sjá þetta komandi frá Ameríku, karlmenn sem eru giftir og eiga börn þeir fá mest borgað. Einstæðir karlmenn minna og hommar minnst. Svona er þetta bara. Ekki að peningar skipti öllu máli, þeir gera það alls ekki sko. En þar gerir það það kannski. Nei það er alger lægð í Bøssehuset núna, alger lægð þannig að það er ekki nema maður fái einhverja hugmynd og þá er nóg af fólki sko. Nóg af fólki sko en það þarf einhverja leiðtoga til þess að drífa í hlutunum. Það er alveg sama hvort það er anarkí eða ekki, það þarf alltaf boss. Anarkí, það er bara grúppa af mis illa fúnkerandi fólki. Sem virkilega þarfnast leiðtoga.